

## Hverfisnefnd Oddeyrar

27. fundur

Hverfisnefnd Oddeyrar kom saman til fundar í matsal Oddeyrarskóla mánudaginn 12. september 2005 og hófst fundur kl. 17.30.

Mætt voru: Jón Einar Jóhannsson, formaður, Guðný Stefánsdóttir, Hallgrímur Skaptason, Hjalti Jóhannesson, Hörður Sigurharðarson, Jón Ingi Caesarsson og Unnar Jónsson. Fjarverandi voru Hafdís Pálsdóttir og Hólmar Svansson.

- 1. Strandgata. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.**  
Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sunnan Strandgötu og austan Norðurgötu var auglýst skv. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga 6. júlí 2005 með athugasemdafresti til 17. ágúst. Þrátt fyrir að nefndin hafi óskað eftir því að fá málið til umsagnar fyrir umfjöllun umhverfisráðs var það ekki samþykkt. Þá varð bæjarstjórn heldur ekki við skriflegri beiðni nefndarinnar um að fá málið til umsagnar á fundi sínum 6. september sl. Í samþykkt bæjarstjórnar um hverfisnefndir segir svo: „Skylt er að tilkynna hverfisnefnd um skipulagstillögur, sem varða hverfið, sem er í vinnslu hjá bænum, ekki síðar en þegar auglýsing um þær birtist í fjölmiðlum“.
- 2. Í ljósi þess að bæjaryfirvöld sjá ekki fært að veita nefndinni svigrúm til þess að gefa umsögn um málið samþykktu mættir nefndarmenn samhljóða að nefndin segi af sér enda er það afdráttarlaust hlutverk hverfisnefnda að vera til umsagnar um skipulagstillögur er varða viðkomandi hverfi.*
- 3. Formaður, Jón Einar Jóhannsson tók að sér að leita eftir afstöðu þeirra tveggja nefndarmanna sem ekki voru mættir. Ritari, Unnar Jónsson tók að sér að gera drög að afsafnarbréfi nefndarinnar til bæjarins*

Fleira ekki gert,  
Hjalti Jóhannesson ritaði fundargerð.